

Ed.

391. Frumvarp til laga

[10. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948, skulu gilda til 31. des. 1951, með þeim breytingum á 21., 24., 26. og 30. gr. laganna, sem greinir í 2.—5. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað „6% söluskatt“ í 21. gr. laganna komi: 7% söluskatt.

3. gr.

24. gr. laganna orðist þannig:

Fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkv. 22. gr. laga þessara, skulu senda skattstjóra eða skattanefnd skýrslu um sölu sína á hverjum ársfjórðungi, þ. e. jan.—marz, apríl—júní, júlí—september og október—desember. Skal skýrslan afhent í síðasta lagi innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs. Einnig skulu þau innan sama frests greiða til innheimtumanna ríkissjóðs söluskatt þann, er þeim ber að standa skil á fyrir ársfjórðunginn. Síðasti dagur framtalsfrestsins telst gjalddagi alls skattsins fyrir þann ársfjórðung, hvort sem skatturinn er fram talinn eða ekki.

Skattstjóri eða skattanefnd skulu síðan yfirfara skýrslurnar og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt upp gefinn. Einnig skulu þessir aðilar áætla skatt af sölu fyrirtækja, sem enga skýrslu senda, og skal þessu hvoru tveggja lokið fyrir 1. dag næsta mánaðar og skattupphæðin tilkynnt innheimtumanni og skattgreiðanda.

Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra eða skattnefndar á sölu-skatti, geta kært hann til þeirra innan 10. næsta mánaðar eftir að skatturinn var ákveðinn. Skattstjóri eða skattanefnd skulu kveða upp úrskurð um kærana og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi fyrir 20. sama mánaðar. Úrskurðum þeirra má áfrýja til yfirskattanefnda og síðan til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnádarárskurð. Kærufrestur til þessara nefnda eru 15 dagar og úrskurðarfrestir þeirra jafnlangir.

Sá, er vöru selur eða lætur í té þjónustu, sem söluskatt ber að greiða af, ábyrgist skilvísu greiðslu skattsins til innheimtumanns ríkissjóðs. Hafi einhver eigi greitt skattinn innan mánaðar frá gjalddaga, skal hann greiða 1% í dráttarvexti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá gjalddaga. Þá má og innheimtumaður láta lögregluna stöðva atvinnurekstur hans, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja verkstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lökkuninni nemur.

4. gr.

26. gr. laganna orðist þannig:

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana eða fyrirtækja vegna hans. Söluskatt skv. 22. gr. skal bæta álagningarlaust við leyfilegt söluverð.

5. gr.

30. gr. laganna orðist þannig:

Viðbótargjöld fyrir gjaldeyris- og innflutningsleyfi skal greiða:

- a. af gjaldeyrisleyfum til utanferða, öðrum en leyfum til námsmanna og sjúklinga, 25% af leyfisfjárhæð;
- b. af innflutningsleyfum fyrir fólksbifreiðum 35% af leyfisfjárhæð. Leyfisgjaldið miðast við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og váttryggingar-iðgjaldi, ef leyfisfjárhæð er ekki tiltekin.

Gjöld þessi skal fjárhagsráð innheimta við afhendingu leyfanna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til alls þess söluskatts, sem gjaldkræfur verður eftir gildistöku þeirra.